

# Eftirfylgnirannsókn

Katarinu Michelsson á ADHD börnum fram til þrítugsaldurs

Katarina Michelsson fylgdi eftir nýburum í áhættuhópi um taugaþroska-vandamál.

Árin 1971–4 fæddust á fæðinga-deild sem Katarina starfaði á í Helsinki um 24 þúsund börn.

Um 5% þeirra féllu undir skilgreiningar ADHD. Er þau voru fimm, níu og sextán ára bauðst þeim að taka þátt í eftirfylgni-rann-sókn til að kanna tíðni taugafræði-legra raskana.

Árin 2001–3 var spurninga-listi sendur 808 af þeim sem fundust af rannsóknar-hópnum.

ADHD ein-kenni hverfa eða verða duldari á full-orðins-árum.

Barnalæknirinn Katarina Michelsson vann á fæðingadeild í Helsinki í Finnlandi fyrir 30 árum. Þá var margt með öðrum hætti en er nú í umönnun verðandi mæðra og nýbura. Engin gjörgæsla var á deildinni og dánartíðni allnokkur.

Greiningin ADHD var þó alveg óþekkt en MBD (minimal brain dysfunction) var talið stafa af skaða við meðgöngu, fæðingu eða hjá nýburum. Katarina ákvað að fylgja eftir nýburum í áhættuhópi um taugaþroskavandamál. Í þann hóp féllu t.d. fyrirburar, börn með lágt þroskálínurit, alvarleg öndunarvandamál, ýmis taugafræðileg einkenni, gulu og lágan blóðsykur.

Á árunum 1971–74 fæddust þar um 24.000 börn eða helmingur allra barna á Stór-Helsinki svæðinu. Um 5% þeirra eða 1.196 börn féllu undir fyrrgreindar skilgreiningar. Þegar þau voru fimm, níu og sextán ára var þeim boðið að taka þátt í eftirfylgnirannsókn til að kanna tíðni taugafræðilegra raskana. Alvarlega fötluð börn voru ekki tekin með. Hópurinn var skoðaður af barnataugalækni, sálfræðingi og talmeinafræðingi. Leitað var upplýsinga hjá foreldrum, heilsugæslustöðvum og kennurum um þroska og hegðun. Umfangsmikilla upplýsinga var aflað og því var hægt að greina eftir á hver þeirra myndu fá ADHD greiningu nú.

Á árunum 2001–03 var spurningalisti sendur 808 af þeim sem fundust af rannsóknarhópnum sem þá var um þrítugt. 609 svöruðu, þar af 108 úr viðmiðunarhópnum. Við rannsókn á gögnum kom í ljós að um 14% rannsóknarhópsins hafði greinst með ADHD en nú er almennt miðað við 3–5% meðaltal. Fyrirnefndir áhættuþættir hafa því líklega haft áhrif á hlutfallið. Nú er vitað að arfgengir þættir gegna meginhlutverki. Hæsta hlutfallið var hjá börnum með lága fæðingarþyngd og umtalsverð taugafræðileg vandamál sem nýburar. 70% þeirra sem greindust með ADHD höfðu önnur vandamál: 48% samhæfingartruflanir, 44% skyntruflanir eða námsörðugleika og 23% tilfinningaleg vandamál. Átta þeirra höfðu látist eftir 16 ára aldur.



## ADHD einkenni duldari

Í rannsóknnum kemur oft fram að ADHD einkenni hverfa eða verða duldari á fullorðinsárum. Aðeins 15% barna með ADHD uppfylltu greiningarskilyrði ADHD um þrítugt miðað við þeirra eigin upplýsingar. Vitað er að fólk með ADHD vanmetur vandamál sín en þetta lága hlutfall alvarlegra vandamála vekur þó athygli. Kannski hefur fólk lært að búa við hreyfi- og námsörðugleika og í staðinn ræktað sínar sterku hliðar. Við níu ára aldur komu t.d. hreyfiörðugleikar fram hjá 48% og námsörðugleikar hjá 44% en við sjálfsmat um þrítugt sögðust aðeins 10% vera klunnar og 15–20% sögðu frá námsvandamálum. Margir sögðust t.d. aldrei hafa lært að dansa eða eiga í vandræðum með minni og stærðfræði. 55% voru gift eða í sambúð. Sumir bjuggu einir og einstaka enn í foreldrahúsum. 42% áttu sjálf börn og 3% höfðu skilið (1% í viðmiðunarhópi). Fjórir höfðu setið í fangelsi. Flestir sögðust ánægðir með lífið og njóta stuðnings ættingja. Fimmtungur kvartaði þó yfir vandræðum með að eignast vini og halda þeim. 76% höfðu verið í almennum bekkjum, 10% í minni bekkjum vegna tilfinningalegs- eða taugafræðilegs vanda og 14% í sérdeildum með takmarkað námsefni. 16 nemendur útskrifuðust ári síðar en jafnaldrar úr grunnskóla. Einkunnir voru að jafnaði mun slakari hjá ADHD hópnum en viðmiðunarhópi nær öll skólaárin í lestri, skrift og reikningi, leikfimi, teikningu og handmennt. Loka-einkunnir í grunnskóla voru undir meðaltali hjá 56% ADHD hópsins en 10% hjá viðmiðunarhópi.

## Erfið grunnskólaár

Nemendum með ADHD þótti grunnskólaárin yfirleitt vera leiðinleg og erfið, sjálfstraustið var brotið niður og áhugi hvarf og mörg hættu að reyna. Margir gáfust því upp í framhaldsskóla eða iðnnámi eða hættu alveg námi.

Fyrir því eru margar ástæður. Kennara skorti forsendur til að hjálpa nemendum með ADHD og einbeitingarskortur og hvatvísi juku vandann auk lesblindu (*dýslexíu*) og vanda með stærðfræði, minni, skynjun og stjórnunarfærni (*executive functions*). Lág greindarvísitala sumra með ADHD hafði einnig áhrif á námsetu. 20% nemenda með ADHD höfðu lokið stúdentsprófi miðað við nær 70% í viðmiðunarhópi.



## Kvíði og þunglyndi algengari

Geðvefræn (*psychosomatic*) vandamál voru algengari hjá ADHD hópnum en viðmiðunarhópi. 20% kvörtuðu yfir þrálátum höfuðverk og 31% yfir kvíðverkjum. 21% voru þunglyndir og 42% þjáðust af ótta og kvíða. 8% höfðu tekið þunglyndislyf, 7% róandi lyf og 6% tóku svefnlyf reglulega. Þessar tölur eru allar miklu hærrí en í viðmiðunarhópi. Þrír höfðu fengið geðörvandi lyf á fullorðinsárum en þau voru ekki gefin börnum á 8. áratug.

Fimm glímdu við sjálfsvígshugsanir til viðbótar þeim 4-5 sem höfðu framið sjálfsmorð eftir 16 ára aldur. Um 20% höfðu enga framhaldsmenntun. Þriðjungur hafði sótt starfsnámskeið, þriðjungur hafði lokið iðnnámi og 20% höfðu lokið námi á háskólastigi. 56% voru í fullu starfi miðað við 73% í viðmiðunarhópi. 21% var atvinnulaus og nokkrir voru öryrkjar. 10% kvenna voru í fæðingarorlofi frá starfi. Fimmtungur ADHD hópsins misnotaði áfengi, tíu neyttu fíkniefna reglulega og ellefu til viðbótar höfðu verið neytendur. Tíu notuðu sterkari fíkniefni en kannabis, einn í viðmiðunarhópi. Einn hafði dáði af völdum of stórs skammts. 71% karla og 48% kvenna í ADHD hópi höfðu beinbrotnað, sumir margoft. Heilahristingur var algengur, oft vegna slagsmála. Þá hafði 21% ADHD hópsins hafði ekki ökuskríteini en um helmingur hans hafði margoft reynt við ökuþrófið. 50% ökumanna höfðu fengið sekt fyrir of hraðan akstur og 35% sögðust hafa ekið undir áhrifum, 23% og 9% í viðmiðunarhópi. Einhverjir höfðu látist í umferðarslysum.

## Ekki alltaf auðvelt líf

Líf þessa fólks hefur ekki verið auðvelt; geðræn vandamál eru algeng, fjarvera frá vinnu líka og margir neyta fíkniefna, lenda í fangelsi o.s.frv. Þessar niðurstöður gætu verið á skjön við það sem gerist í dag. Fleiri nýburar lifa nú, gjörgæslan er betri, greining er betri og endurhæfing mun betri og öllum aðgengileg. Kennarar þekkja ADHD og kunna að bregðast við vandanum og sérkennsla og stuðningur er í boði.

En þótt greining og meðferð hafi batnað er margt ógert enn því allir eiga rétt á að nýta sér til fullnustu það sem samfélagið hefur upp á bjóða og lifa gæðalífi.

Nem-endum með ADHD þótti skóla-ár leiðinleg og erfið.

Sjálfstraust þeirra minnkaði og mörg hættu að reyna.

Fimmtungur ADHD hópsins misnotaði áfengi, tíu neyttu fíkniefna reglulega og ellefu höfðu verið neytendur.

Tíu notuðu sterkari fíkniefni.

Geðræn vandamál eru algeng, fjarvera frá vinnu líka.

Niðurstöður gætu verið aðrar í dag.

Fleiri nýburar lifa nú.

Kennarar þekkja ADHD og bregðast við.



Akureyrarbær



HITAVEITA  
SUÐURNESJA

